



**Bænahús og Þjóðarkirkja  
Afmæliskveðja  
frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Fríkirkjan í Reykjavík hefur í röska öld skipað veigamikinn sess í trúarlífi Íslendinga; kallaðist um skeið ein á við Dómkirkjuna; ásamt Tjörninni og Austurvelli höfuðkennileiti í miðbæ höfuðstaðar.

Hvað sem forminu leið var sambúðin við þjóðkirkjuna oft nán en sérstaða Fríkirkjunnar hefur á síðari tímum gert henni kleift að taka vel á móti þeim sem leita að fjölbreytni í trúariðkan.

Þegar séra Þorsteinn Björnsson, sóknarprestur á Þingeyri við Dýrafjörð, var um miðbik síðustu aldar kosinn Fríkirkjuprestur, fylgdu honum margir Vestfirðingar. Kirkjan við Tjörnina varð um leið þeirra kirkja.

Fjölskylda mín fyllti þennan flokk; pabbi og mamma og frænkurnar. Því fermdi séra Þorsteinn mig, jarðsöng foreldra mína og útför afa og ömmu fór líka fram frá Fríkirkjunni; enda hafði afi minn og nafni verið meðhjálpari hjá séra Þorsteini fyrir vestan.

Fríkirkjan varð því á vissan hátt okkar fjölskyldukirkja, líkt og þúsunda annarra Íslendinga. Saga kirkjunnar, andblær hins liðna ófst saman við minningar fjölskyldunnar, kirkjan með sérstakan sess í hugum og hjörtum.

Fríkirkjan hefur haft svo ríkuleg áhrif á vegferð Íslendinga frá fátækt fyrri alda til velferðar í nútímanum að hún er í raun þjóðarkirkja líkt og aðrar höfuðkirkjur landsins. Þótt stormur hafi stundum leikið um kirkjuskipið og hún tekist á við breytta tíma, er hún enn tignarleg við Tjörnina, tekur vel á móti öllum, bænahús þeirra sem þjást og þurfa huggun; helgistaður og stundum gleði og sorgar; tónarnir óma í takt við ákall tímans.